

Hagvísar Seðlabanka Íslands

Yfirlit um þróun efnahagsmála



Seðlabanki Íslands
Október 2006

Yfirlit efnahagsmála

Í október hækkaði **vísitala neysluverðs** um 0,23% frá fyrri mánuði og hefur hækkað um 7,2% sl. tólf mánuði. Mest áhrif á vísitöluna hafði verðhækkun á fötum og skóm vegna útsöluloka (0,16%) og verðlækkun á bensíni og olíu (-0,28%). Verð á dagvöru lækkaði um 0,7% og hafði 0,1% áhrif til lækkunar vísitölu neysluverðs. Kostnaður vegna eigin húsnæðis hækkaði um 0,5%. Síðastliðna þrjú mánuði voru áhrif hærra vaxta, í stað hærra íbúðaverðs áður fyrr, meginskýring hækkunar á kostnaði vegna eigin húsnæðis. Kjarnavísitölurnar hækkuðu umtalsvert meira milli mánaða en vísitala neysluverðs, eða um 0,66% og 0,61%, en tólf mánaða hækkun þeirra nam 7,1% og 7,6%. Vísitala neysluverðs án húsnæðis hækkaði um 5,6%.

Samkvæmt könnun Gallup sem gerð var í október hafa **verðbólguvæntingar almennings** lækkað frá mælingu í ágúst en þá höfðu þær hækkað samfelld síðan í febrúar. Verðbólguvæntingar mældust 5,9%. Verðbólguvitund hefur hins vegar aukist frá síðustu könnun og að meðaltali töldu svariendur verðbólguna 7,3%. **Verðbólguvæntingar forsvarsmanna fyrirtækja** hafa einnig lækkað frá því snemma á árinu. Í könnun sem gerð var á viðhorfum stærstu fyrirtækja á Íslandi í september gerðu stjórnendur að meðaltali ráð fyrir að verðbólga yrði 3,5% næstu tólf mánuði og 5,5% á næstu tveimur árum.

Eftirspurn jókst hægar á þriðja fjórðungi ársins en á fjórðungnum á undan. **Greiðslukortavelta** heimila jókst um 4,4% að raungildi á fjórðungnum frá sama tíma í fyrra en hafði aukist um 8% á öðrum fjórðungi ársins og rúm 16% á þeim fyrsta. Ársvöxtur **dagvöruveltu** nam 3,8% að raunvirði á fjórðungnum en var 6,6% á öðrum fjórðungi ársins. Tólf mánaða raunvöxtur óbeinna **skatttekna ríkissjóðs** var 11-12% á tímabilinu júlí til ágúst en 20% á tímabilinu maí til júní.

Sementsala án stóriðju jókst um tæpan fjórðung á þriðja ársfjórðungi sem er 14 prósentna meiri aukning en á fjórðungnum á undan en svipuð aukning og á haustmánuðum 2005.

Nýskráningar bifreiða voru um fjórðungi færri á þriðja ársfjórðungi en á sama tíma í fyrra. Rúmlega 1600 bifreiðar voru skráðar að meðaltali á mánuði á fjórðungnum en það eru rúmlega 300 fleiri bifreiðar en skráðar voru að meðaltali í hverjum mánuði 2004.

Útflutningsverðmæti sjávarafurða var tæplega 11% meira í krónum talið fyrstu átta mánuði ársins en á sama tíma í fyrra, en tæplega 2% meira á föstu gengi. Útflutningsverðmæti áls jókst um 54% í krónum á sama tíma en um 42% á föstu gengi.

Álverð var 8-10% hærra fyrstu 3 vikur október en að meðaltali í september. **Eldsneytisverð** lækkar enn og var um miðjan október svipað og fyrir ári.

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands nam halli á **vöruskiptajöfnuði** í september 7,7 ma.kr. Áætlað er að fluttar hafi verið inn vörur fyrir um 30 ma.kr. og að vöruútflutningur hafi numið 22,3 ma.kr.

Niðurstöður vinnumarkaðskönnunar Hagstofu Íslands fyrir þriðja fjórðung ársins benda til þess að **vinnuafslnotkun** hafi enn vaxið töluvert á alla mælikvarða. Starfandi fólki fjölgaði um 5,7% frá sama tíma árið 2005 og atvinnuþátttaka jókst um 1,1 prósentu og var 84,2%. Heildarvinnustundum fjölgaði meira en starfandi fólki, eða um 6,2%, þar sem meðalvinnutími jókst um 0,3 klukkustundir á viku. Vinnuafslnotkun, mæld í heildarvinnustundum, jókst töluvert meira á höfuðborgarsvæðinu (7,9%) en á landsbyggðinni (3,2%).

Skráð **atvinnuleysi** minnkaði í september í 1% en leiðrétt fyrir árstíðarsveiflu hefur það haldist óbreytt nálægt 1,3% frá marsmánuði.

Samkomulag ASÍ og SA vegna endurskoðunar kjarasamninga sem tók gildi 1. júlí hafði í för með sér hækkun **launavísitölu** fyrir almennan vinnumarkað um 3,9% milli annars og þriðja ársfjórðungs en 11,3% milli ára. Laun opinberra starfsmanna og bankamanna hækkuðu um 1,7% milli fjórðunga og um 9,7% milli ára.

Tekjuafgangur ríkissjóðs var 36 ma.kr. fyrstu átta mánuði ársins. Tekjur ríkissjóðs voru um 5½% meiri að raungildi en fyrir ári en útgjöld án vaxta um 1% meiri. Endurgreiðslur vegna skattauppgjors ársins 2005 námu 3 ma.kr.

Árstíðarleiðrétt **staðgreiðsluverð íbúðarhúsnæðis** á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 0,8% milli mánaða í september og hefur hækkað um 10,5% á síðustu tólf mánuðum. Verð íbúða í fjölbýli hækkaði á milli mánaða um 0,3% en sérbylis um 1,7%.

Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa var að meðaltali svipuð fyrstu þrjár vikur októbermánaðar og í september. **Ávöxtunarkrafa verðtryggðra** íbúðabréfa hefur hins vegar hækkað nokkuð, mest í stysta flokknum. Ávöxtunarkrafa hans var að meðaltali 0,75 prósentum hærrí fyrstu þrjár vikur októbermánaðar samanborið við mánuðinn á undan. Þessa þróun má líklega að tölurverðu leyti rekja til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um lækkun óbeinna skatta sem hefur dregið úr eftirspurn eftir styttri flokkum verðtryggðra bréfa. **Verðbólguvæntingar** til u.þ.b. 5 ára hafa því haldið áfram að lækka það sem af er októbermánuði og voru að meðaltali 0,82 prósentum lægri fyrstu þrjár vikur mánaðarins en síðastliðinn mánuð. Á sama tímabili hafa **raunstýrivextir** verið 1,1 prósentu hærrí. **Vaxtamunur** þriggja mánaða millibankavaxta við útlönd jókst enn í október. Hann er nú um 9,9 prósentur og hefur ekki verið meiri frá því að Seðlabanki Íslands hóf daglega skráningu á þriggja mánaða millibankavöxtum árið 1998. **Gengi krónunnar** var að meðaltali 3,2% hærra fyrstu þrjár vikur októbermánaðar en að meðaltali í september.

Þótt að dregið hafi úr vexti **útlána** innlánsstofnana til heimila frá því í febrúar nam ársvöxtur þeirra 36,8% í september. Ársvöxtur heildarútlána innlánsstofnana var 29,4% á sama tíma.

Evrópski seðlabankinn hækkaði **stýrivexti** um 0,25% í október en seðlabankar Englands, Japans og Bandaríkjanna ákváðu á fundum sínum í október að halda stýrivöxtum óbreyttum.

Í Hagvísunum er notast við talnagögn sem tiltæk voru 26. október 2006.

Í Hagvísunum eru notuð talnagögn sem tiltæk voru 28. september 2006.

Yfirlitstafla Hagvísu

I Verðlagsþróun og verðbólguvæntingar¹

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Breyting (%)			Áhrif á 12 mán.	
			frá fyrri mánuði	yfir 6 mánuði ²	yfir 12 mánuði	VNV sl. 12 mán (%)	br. fyrir ári (%)
Vísitala neysluverðs (VNV) (maí 1988=100)	október '06	266,2	0,2	8,8	7,2	.	4,6
Kjarnavísitala 1 (VNV án búvöru, grænmetis, ávaxta og bensíns).....	október '06	150,2	0,7	9,0	7,1	6,2	4,8
Kjarnavísitala 2 (kjarnavísitala 1 án opinberrar þjónustu)	október '06	151,0	0,6	9,6	7,6	6,1	4,7
Innlendar vörur án búvöru og grænmetis	október '06	140,3	0,5	12,7	8,6	0,7	-0,8
Búvörur og grænmeti	október '06	132,9	-1,1	11,7	9,1	0,6	0,1
Innfluttar vörur án áfengis og tóbaks	október '06	116,9	-0,2	8,4	5,1	1,6	-1,4
- mat- og drykkjarvörur.....	október '06	124,8	-1,2	18,2	9,7	0,2	-5,4
- nýr bill og varahlutir.....	október '06	126,8	0,5	13,2	8,2	0,6	-2,1
- bensín.....	október '06	158,9	-4,1	2,4	4,4	0,3	7,4
- innfluttar vörur aðrar	október '06	100,9	1,5	7,3	3,1	0,5	-3,4
Húsnæði.....	október '06	244,2	0,4	11,4	12,2	2,8	18,3
Opinber þjónusta	október '06	147,6	1,3	2,7	1,4	0,1	6,8
Önnur þjónusta.....	október '06	153,6	0,4	6,7	5,3	1,1	4,1
Dagvara.....	október '06	131,0	-0,7	12,9	9,6	1,5	-2,3
Innflutningsgengisvísitala (31. des. 1994=100).....	30. september '06	130,5	0,0	98,2	44,7	.	-12,2

	Nýjasta tímabil	Vænt 12 mán. verðbólga	Breyt. frá síðustu könnun	Vænt 12 m. verðbólga fyrir ári	Vænt verðbólga á ársvarða næstu 2 ár	Vænt verðbólga á ársvarða næstu 3 ár	Hugmynd um verðb. sl. 12 mán.
Verðbólguvæntingar fyrirtækja	september '06	3,5	-0,2	3,6	2,7	.	.
Verðbólguvæntingar almennings	ágúst '06	5,9	-0,7	3,8	.	.	7,3

1. Grunntímabil vísitalna: Vísitala neysluverðs: maí 1988; aðrar verðvísitölur undirfloka: mars 1997=100. 2. Umreiknað til ársbraða.

II Framleiðsla og eftirspurn

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Gildi	Breyt. frá f. ári (%)
Landsframleiðsla (ma.kr.).....	2. ársfj. '06	271,4	250,0	2,6	2,7	533,8	3,5
Þjóðarútgjöld (ma.kr.).....	2. ársfj. '06	322,7	277,6	-1,2	7,0	632,2	10,5
Einkaneysla (ma.kr.).....	2. ársfj. '06	174,4	154,8	4,1	4,6	333,9	8,0
Samneysla (ma.kr.)	2. ársfj. '06	69,1	61,7	0,6	2,7	135,6	3,4
Fjármunamyndun (ma.kr.)	2. ársfj. '06	78,5	66,0	-13,0	6,5	161,2	20,7
Útflutningur vöru og þjónustu (ma.kr.).....	2. ársfj. '06	96,6	88,2	18,7	-5,9	170,4	-5,6
Innflutningur vöru og þjónustu (ma.kr.).....	2. ársfj. '06	-148,0	-115,7	2,6	6,3	-268,9	14,2
Velta innanlandsgr. skv. virðisaukask.skýrslum (ma.kr.) ¹	maí-júní '06	254,2	203,8	19,5	15,7	644,3	14,0
Dagvöruvelta (növ. 2001=100)	ágúst '06	138,7	127,5	-0,5	8,8	130,1	6,1
Greiðslukortavelta (ma.kr.) ¹	september '06	4,6	3,7	-0,4	-3,2	495,3	2,9
Velta skráðra fyrirtækja (ma.kr.).....	1. - 4. ársfj. '05	430,7	249,9	44,2	180,8	430,7	180,8
Sementssala (þús. tonn).....	september '06	30,8	28,3	-3,7	9,0	230,3	18,0
Nýskráning bifreiða (stk.).....	september '06	1.528	2.006	2,0	-23,8	19.294	-5,1

Skýring: Allar breytingar fjárhæða á milli tímabila eru raunbreytingar. 1. Breytingar eru reiknaðar út frá árstíðarleiddum tölum.

III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Gildi	Breyt. frá f. ári (%)
Verðlag sjávarafurða í erlendum gjaldmiðli (jan. 1999 = 100)	ágúst '06	112,8	104,4	1,8	8,1	112,8	8,1
Verðlag áls á heimsmarkaði (\$/tonn)	september '06	2.429	1.840	-1,3	32,0	2.494	35,5
Verð olíu á heimsmarkaði (\$/fat)	september '06	60,5	63,0	-17,8	-3,9	67,3	25,6
Botnfiskafli (þús. tonn)	ágúst '06	38,9	38,1	-2,9	2,1	369,0	3,0
Uppsjávarafli (þús. tonn)	ágúst '06	50,3	50,5	7,0	-0,5	585,7	-40,0
Vöruútflutningur (án skipa og flugvéla, ma.kr.) ¹	ágúst '06	16,6	14,4	7,4	1,1	145,3	7,7
- sjávarafurðir (ma.kr.) ¹	ágúst '06	9,6	8,4	3,0	-0,1	83,1	1,8
- ál (ma.kr.) ¹	ágúst '06	4,5	2,8	21,0	38,0	36,7	41,7
- aðrar iðnaðarvörur (ma.kr.) ¹	ágúst '06	2,1	2,7	3,1	-32,9	20,6	-6,7
Vöruinnflutningur (án skipa og flugvéla, ma.kr.) ¹	ágúst '06	28,1	25,9	-16,3	-4,9	241,6	24,1
Vöruskiptajöfnuður (án skipa og flugvéla, ma.kr.) ¹	ágúst '06	-11,5	-11,5	.	.	-96,3	.
Útflutningur þjónustu (ma.kr.) ¹	3. ársfj. '06	30,3	32,1	6,5	-17,6	54,6	-11,4
Innflutningur þjónustu (ma.kr.) ¹	3. ársfj. '06	46,7	39,9	1,7	2,2	86,0	11,4
Raugengi m.v. verðlag (1980=100)	3. ársfj. '06	100,9	105,4	4,7	-4,3	102,1	-3,3

1. Breytingar á vöru- og þjónustuviðskiptum við útlönd eru á föstu gengi.

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting frá ¹		Frá ársbyrjun ²	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Gildi	Breyt. frá f. ári (%)
IV Vinnumarkaður og tekjur							
Fjöldi atvinnulausra.....	september '06	1.628	2.267	-320	-639	2.129	-37,5
Hlutfall atvinnulausra, árstíðarleiddrétt (% af mannafla).....	september '06	1,3	1,8	0,0	-0,5	1,3	-0,8
Atvinnuleysi skv. vinnumarkaðskönnun (% af mannafla)	3. ársfj. '06	2,6	1,8	-1,4	0,8	3,0	0,4
Laus störf á vinnumiðlunum	september '06	515	1.726	-16,4	-70,2	658	-55,2
Útgáfa nýrra atvinnuleyfa.....	september '06	59	839	-44,9	-93,0	3.017	6,8
Útgáfa atvinnuleyfa alls.....	september '06	182	1.115	-49,9	-83,7	4.899	18,3
Launavísitala (des. 1988=100).....	september '06	298,9	269,8	0,5	10,8	290,0	9,2
Kaupmáttur launa m.v. launavísitölu (1990=100).....	september '06	140,6	136,5	-0,1	3,0	140,5	2,6

1. Breytingar á fjölda atvinnulausra sýna fjölgun/fækkun; breytingar á hlutfalli atvinnulausra sýna hækkun/lækkun (einingin prósent); allar breytingar vísitalna og breytingar á útgáfu atvinnuleyfa og fjölda lausra starfa eru hlutfallslegar (%). 2. Meðal mánaðarlegur fjöldi atvinnulausra og lausra starfa það sem af er árinu, meðaltal atvinnuleysis hlutfalls en uppsafnaður fjöldi atvinnuleyfa. Breytingar á hlutfalli atvinnulausra sýna hækkun/lækkun (einingin prósent); allar aðrar breytingar eru hlutfallslegar (%).

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Gildi	Breyt. frá f. ári (%)
V Opinber fjármál							
Tekjuafgangur ríkissjóðs (ma.kr.).....	ágúst '06	3,1	1,1	.	.	36,4	.
Tekjuafgangur ríkissjóðs, hlutfall af tekjum (%)	ágúst '06	10,1	4,2	.	.	14,8	.
Hrein lánsfjárför (ma.kr.).....	ágúst '06	2,8	2,1	.	.	33,2	.
Hrein lánsfjárför (% af tekjum).....	ágúst '06	9,3	7,8	.	.	13,5	.
Tekjur ríkissjóðs (ma.kr.).....	ágúst '06	30,4	26,2	4,1	7,1	246,1	5,6
- án eignasölu og óreglulegra tekna (ma.kr.)	ágúst '06	30,3	26,2	3,9	6,8	245,6	7,6
- af virðisaukaskatti (ma.kr.)	ágúst '06	11,2	9,5	7,5	8,8	80,7	4,5
- af staðgreiddum tekjuskatti & tryggingargj. (ma.kr.)	ágúst '06	8,8	7,7	-6,9	4,6	72,5	6,3
- af innflutningi og áfengi (ma.kr.)	ágúst '06	2,5	2,4	-3,7	-5,7	18,7	1,0
Útgjöld ríkissjóðs (ma.kr.)	ágúst '06	27,3	25,1	4,2	0,4	209,7	-3,3
- leiddrétt fyrir óreglulegum gjöldum (ma.kr.).....	ágúst '06	27,3	25,1	4,2	0,4	209,7	-3,3









Skýring: Fyrstu fjórir dálkarnir vísa til 4ra mánaða meðaltala, hinir tveir til heildartalna frá byrjun árs.

	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Meðal-tal	Breyt. frá f. ári (%)
VI Eignamarkaðir							
Úrvalsávísitala, mánaðarmeðaltal (des. 1997=1.000).....	september '06	6.178,9	4.621,5	10,3	33,7	5.863,3	43,9
Heildarvísitala aðallista, mánaðarmeðaltal (des. 1997=1.000)	september '06	5.652,2	4.274,5	9,7	32,2	5.391,1	41,8
Velta, mánaðarleg (ma.kr.)	september '06	141,1	251,7	-29,9	-43,9	1.388,6	71,1
Verð íbúða í fjölbýli á höfuðb.svæði (jan. 1994=100)	september '06	304,0	276,7	2,8	9,9	279,8	7,2
Raunverð íbúða alls á höfuðb.svæði (jan. 1994=100).....	september '06	199,5	194,2	0,1	2,7	193,6	4,5
Aflahlutdeild (kr./kg.)	október '06	2045	1515	7,9	35,0	1783	36,0









	Nýjasta tímabil	Nýjasta gildi	Gildi fyrir ári	Breyting í % frá		Frá ársbyrjun	
				næsta tíma-bili á undan	fyrri ári	Meðal-tal	Breyt. frá f. ári (%)
VII Fjármálamarkaðir							
Útlán innlánsstofnana til innlendra aðila (ma.kr.)	september '06	2.145,4	1.548,2	-1,1	47,2	.	.
að frádregnum áætl. gengis- og vísitöluáhrifum (vísitala).....	september '06	472,1	373,9	3,9	39,2	.	.
- að raungildi (jan. 2002=100).....	september '06	258,4	199,4	0,0	29,6	.	.
Útlán lánakerfisins (ma.kr.)	júní '06	4.184,9	3.066,6	6,8	36,5	.	.
M3 (ma.kr.)	september '06	730,1	626,5	0,0	16,5	.	.
Stýrivextir Seðlabankans (%)	20. október '06	14,00	10,25	0,0	3,8	12,12	2,99
Peningamarkaðsvextir, 3ja mán. (%) ¹	20. október '06	12,9	9,9	-0,4	3,0	10,3	1,2
Peningamarkaðsvextir, 12 mán. (%) ¹	20. október '06	13,3	10,0	-0,3	3,4	10,4	0,6
Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa (RIKB 100317) (%) ¹	20. október '06	10,6	0,0	-0,3	10,6	0,0	0,0
Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa (RIKB 130517) (%) ¹	20. október '06	7,8	7,6	-0,2	0,2	8,1	0,5
Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa (HFF 150224) (%) ¹	20. október '06	0,0	3,8	-4,4	-3,8	4,4	.
Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa (HFF 150234) (%) ¹	20. október '06	0,0	3,8	-4,1	-3,8	4,3	.
Ávöxtunarkrafa íbúðabréfa (HFF 150244) (%) ¹	20. október '06	0,0	3,8	-4,0	-3,8	4,2	.
Ávöxtunarkrafa spariskirteina (RIKS 151001) (%) ¹	20. október '06	4,4	3,8	0,1	0,6	4,2	0,7
Meðalvextir óverðtryggðra útlána banka og sparisj. (%) ¹	20. október '06	19,3	15,5	0,5	3,8	16,1	1,6
Meðalvextir verðtryggðra útlána banka og sparisj. (%) ¹	20. október '06	7,2	6,7	0,0	0,5	6,7	-0,6
Gengisvísitala krónunnar (31. des. 1991=100) ¹	20. október '06	72,6	98,6	-32,9	-26,0	99,7	-9,0

1. Allar tölur nema í tveimur öftustu dálkum miðast við 4 vikna meðaltöl, til þess dags sem tilgreindur er.





I Verðlagspróun og verðbólguvæntingar







II Framleiðsla og eftirspurn











II Framleiðsla og eftirspurn






III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði







III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði







III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði







IV Vinnumarkaður og tekjur





IV Vinnumarkaður og tekjur







V Opinber fjármál



V Opinber fjármál




VI Eignamarkaðir



VII Fjármálamarkaðir


VII-1

Útlánaaukning lánakerfisins




VII-2

Skuldir heimila við helstu lánastofnanir




VII-3

M3 og innlend útlán innlánsstofnana




VII-4

Raungildi M3 og innleindra útlána innlánsstofnana




VII-5

Grunnfé og endurhverf viðskipti við Seðlabankans Þriggja mánaða hreyfanleg meðaltöl




VII-6

Stýrivextir Sí og vextir á peningamarkaði Vikulegar tölur




VII-7

Raunstýrivextir og vaxtamunur við útlönd Vikulegar tölur











VII-8

Ávöxtunarkrafa óverðtrygðra skuldabréfa



VII Fjármálamarkaðir



VIII Alþjóðleg efnahagsmál

